

# Lýsigögn: Fjöldi lífeyrisþega

## 0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

### 0.1 Heiti

Fjöldi lífeyrisþega

### 0.2 Efnisflokkur

Félagsmál

### 0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Hagstofa Íslands

Atvinna, lífskjör og mannfjöldi

Kristinn Karlsson Sími: 528-1060

### 0.4 Tilgangur og aðdragandi

Samkvæmt lögum um Hagstofu Íslands 163/2007 skal birta tölfræðilegar upplýsingar um landshagi Íslands. Einn liður í því er að birta tölur um fjölda lífeyrisþega.

### 0.5 Notendur og notkunarsvið

Tölum um fjölda lífeyrisþega er ætlað að gefa mynd af þessum hluta félagsverndar í landinu og til notkunar í alþjóðlegum samanburði.

### 0.6 Heimildir

Gögn frá Tryggingarstofnun og staðgreiðslugögn. Staðgreiðslugögn koma frá ríkisskattstjóra en öllum þeim sem teljast launagreiðendur samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, þ.e. þeir sem inna af hendi eða reikna greiðslur sem teljast vera laun, ber að útfylla og skila sundurliðun launatekna mánaðarlega til ríkisskattstjóra.

### 0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð

Lög um Hagstofu Íslands nr. 163/2007. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007163.html>

### 0.8 Svarbyrði við innsöfnun

Engin

## 0.9 Ákvæði vegna EES og ESB

"Commission regulation (EC) No 10/2008" of 8 January 2008 implementing Regulation (EC) No 458/2007 of the European Parliament and of the Council on the European system of integrated social protection statistics (ESSPROS)

### 1. Efni

#### 1.1 Efnislýsing

Árlegar tölur um fjölda lífeyrisþega eftir greiðendum lífeyris án tvítalningar í desember.

#### 1.2 Tölfræðileg hugtök

**Örorkulífeyrir**

*Örorkulífeyrisþegi:* er einstaklingur sem hefur >75% örorkumat og fær greiddan lífeyri (skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007).

**Endurhæfingarlífeyrir:**

*Endurhæfingarlífeyrisþegi:* er einstaklingur sem fær greiddan lífeyri tímabundið meðan ekki er séð hvort örorka verðu varanleg (skv. lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007).

**Örorkustyrkur:**

*Örorkustyrkþegi:* er einstaklingur sem hefur fengið 50-74% örorkumat og fær greiddan örorkustyrk (skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007).

**Ellilífeyrir:**

*Ellilífeyrisþegi:* er einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldir og fær greiddan lífeyri (skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007).

**Flýti ellilífeyrir:**

*Flýti ellilífeyrisþegi* er einstaklingur sem hefur töku ellilífeyris fyrir lögbundin / venjulegan eftirlaunaaldur eins og hann er ákvarðaður í kerfinu sem um ræðir. Sjómenn geta hafið töku lífeyris almannatrygginga við 60 ára aldur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum (skv. lögum um almannatryggingar nr. 100/2007). Hefja má töku ellilífeyris frá lífeyrissjóðum fyrir 67 ára aldur. Mismunandi reglur eftir sjóðum.

**Greiðendur lífeyris:**

**Tryggingarstofnun ríkisins:**

Íslenska lífeyriskerfið er þriggja stoða kerfi. Fyrsta stoðin er grunnlífeyrir sem Tryggingarstofnun ríkisins (almannatryggingar) sem greiðir bæði örorkulífeyri og ellilífeyri og er fjármögnuð af sköttum (tryggingargjaldi). Réttindi til lífeyris byggja á tíma búsetu í landinu og í tilfelli örorkulífeyris á örorkumati einnig. Lífeyrisgreiðslur TR eru tekjutengdar.

**Lífeyrissjóðir:**

Samtryggingardeildir lífeyrissjóða eru önnur stoð lífeyriskerfa á Íslandi, þ.e. atvinnuþátttöku tengdur lífeyrir. Eldri lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna og bankamanna (fyrstu lög um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna eru frá 1921) voru í ábyrgð annarra og lífeyrisgreiðslur

byggðar á hlutfallskerfi, þ.e. lífeyri er hluti af launum í lok starfsæfi. Árið 1969 voru lífeyrissjóðir settir á laggirnar fyrir launþega á einkamarkaði með samningum aðila vinnumarkaðarins. Skyldubundin aðild allra launþega að lífeyrissjóðum var lögbundin árið 1974 og fyrir alla starfandi í atvinnulífinu (einnig einyrkja og atvinnurekendur) með lögum árið 1980. Í samningum á vinnumarkaði árið 1990 var ákveðið að iðgjöld til lífeyrissjóða skyldu greiðast af öllum launum (áður aðeins af grunnlaunum án yfirvinnu o.s.frv.). Samningar um lífeyrissjóði voru endurnýjaðir í samningum á vinnumarkaði árið 1995 og má líta á þá samninga sem grundvöll lagasetningar um lífeyrissjóði árið 1997, þ.e. Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Af 37 lífeyrissjóðum sem voru starfandi árið 2008 voru 13 (þ.e. lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna, bankastarfsmanna ofl.) með deildri þar sem ábyrgð annarra var á skuldbindingum (þ.e. atvinnurekenda). Flestir þessara sjóða voru með "hlutfallskerfi" þ.e. lífeyrir er hlutfall af launum (eftirmanns regla). Árið 2008 voru þessir sjóðir eða deildir sjóða með 17,7% af eignum samtryggingadeilda. Samfara setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, þar sem starfsemi allra lífeyrissjóða var samræmd, urðu nokkrar breytingar á þessum sjóðum. Breytingin fólst í því að þeim eða eldri deildum þeirra var lokað fyrir nýjum félögum, en nýjar deildir stofnaðar (A-deildir). Í samtryggingarsjóðum er um fjórar tegundir að réttindaávinnslu kerfum að ræða: a. Stigakerfi: Iðgjöld eru umreiknuð í stig, óháð aldri sjóðfélagans. b. Hlutfallskerfi: Lífeyrir er hlutfall af launum. c. Aldursháð kerfi: Iðgjöld gefa mismunandi stig eftir aldri sjóðfélagans. d. Blandað kerfi: Blönduð ávinnsla aldurstengdra og jafnra réttinda.

Talað er um sjóðsmyndunar lífeyriskerfi sem kerfi "skilgreindra framlaga" (e. defined contribution) og skatta fjármögnuð kerfi (e. "pay as you go") sem kerfi "skilgreindra bóta" (e. defined benefit). Þessar flokkanir eiga við annars vegar lífeyrissjóði "án ábyrgðar" og hin vega við almannatryggingar á Íslandi. Vandí er hins vegar að beita þeim á lífeyrissjóði "með ábyrgð", þar sem réttindin eru byggð á framlögum þó fjármögnun eigi sér stað jafnhliða (ekki sjóðsöfnun).

## 2. Tími

### 2.1 Viðmiðunartími talnaefnis

Viðmiðunartími er desember árlega.

### 2.2 Vinnslutími

Vinnsla gagna hefst 9 mánuðum eftir að viðmiðunartímabili lýkur.

### 2.3 Stundvísi birtingar

Í samræmi við birtingaráætlun sem er á vef Hagstofu Íslands.

### 2.4 Tíðni birtinga

Árlega.

## 4. Samanburður

### 4.1 Samanburðarhæfi milli tímabila

Tölur eru samanburðarhæfar milli ára.

## 5. Aðgangur að upplýsingum

### 5.1 Miðlunarleiðir

- Fréttir birtar á vef Hagstofunnar
- Hagtölur, efnisflokkaðar veftöflur

### 5.2 Grunnöggn; varðveisla og notkunarmöguleikar

Grunngögn eru varðveitt sem trúnaðarupplýsingar á Hagstofunni. Aðgangur að grunngögnum er bundin við þá starfsmenn Hagstofunnar sem vinna með gögnin. Sjá nánar á: <https://hagstofa.is/thjonusta/>

### 5.3 Skýrslur

Sjá ofan.

### 5.4 Aðrar upplýsingar

Frekari upplýsingar má fá hjá Atvinnu, lífskjara og mannfjöldadeild Hagstofu Íslands.